

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/1/ESB

2014/EES/54/27

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem málmblendisþátt í legum og slitflötum í lækningatækjum sem verða fyrir jónandi geislun, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.
- 2) Eina áreiðanlega þurra smurefnið með langan líftíma, sem brotnar ekki niður þegar það verður fyrir jónandi geislun, hefur reynst vera málmblendi sem inniheldur blýagnir.
- 3) Ekki er unnt að útiloka núverandi notkun blýs sem málmblendisþáttar í legum og slitflötum í lækningatækjum sem verða fyrir jónandi geislun, og tæknilega fýsileg staðgönguefni standa ekki heldur til boða.
- 4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 9.1.2014, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(¹) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 23. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

- „23. Blý sem málblendisþáttur í legum og slitflötum í lækningatækjum sem verða fyrir jónandi geislun. Fellur úr gildi 30. júní 2021.“
-